




Frá sýningu Stefáns Jónssonar frá Möðrudal, 1972.



Tryggvi Ólafsson (t.v.) og Magnús Tómasson á sýningu, sem þeir héldu saman í Gallerí SÚM, 1972.

mannanna til landsins, úr einkaförum sínum — kannski voru þetta þó aðallega fræg nöfn; Joseph Beuys, George Brecht, Baxton Brock, Robert Filliou, Richard Hamilton, Daniel Spoerri, Ben Vautier, Emmett Williams . . . Aðspurður um það hvernig bezt færi á að koma verkunum fyrir, stakk Dieter upp á að moka þeim upp í hrúgu á salargólfinu!

Róska kom frá Róm til að taka þátt í SÚM III ásamt tveimur herraönnum; í katalógnum hét framlag þeirra: „Stúdenta- og verkamannahreyfing Ítalíu með samvinnu Rósku, Manrico og Maurizios. Þau vildu draga strætisvagn inn í portið hjá galleríinu, hella benzíni yfir og kveikja í. Estetíska deildin í SÚM fékk náttúrulega algert sjökk við að heyra um þessi áform; gott ef ekki voru haldin lokuð réttarhöld í galleríinu yfir Rósku — og Ólafi Gíslasyni sem líka hafði dvalizt á hinni heitu Ítalíu og var á pólitískri línu í sínu málverki. Nema hvað, Róska sneri við blaði og bjó til platmólótoffkokteil í mannsstærð. Grein- arhöfundur minnst þess að hafa farið með Manrico í allar skotfæraverzlanir höfuðborgarinnar, það vantaði u.þ.b. 10 grömm af púðri í myndlistarverk. Í leiðangrinum varð okkur það á, að ganga yfir götu á rauðu ljósi, og vorum við teknir til yfir- heyrslu af útlendingalögreglunni. Það mátti halda að Róska væri talin stórhættuleg öryggi ríkisins. Og eitthvað var SÚM víst talið vafasamt fyrirtæki.


Á vegum Menningarstofnunar Bandaríkjanna komu herra og frá Gutlein til landsins. Herra Gutlein til þess að halda fyrirlestur um listir og stúdentaáróður í hinum vest- ræna heimi. Frammi fyrir fullum sal háborg-

aralegra áheyrenda hrópaði fyrirlesari Gutlein húrri fyrir SÚM, sem kom afar flatt upp á viðstadda, en fyrir vikið komst hann í persónulega snertingu við súmmara, og ætli það hafi ekki líka verið tilgangurinn. Þá komst hann ekki hjá því að lyfta glasi með strákunum, sem spurðu hvort hann væri frá CIA. Þeirri spurningu var hvorki svarað játandi eða neitandi. Lofaði Gutlein, þegar hann var búinn að fá að heyra allt um stöðu SÚM innan Íslenzkrar myndlistar, að skrifa hliðholla grein um SÚM handa fjölmiðlum, en aldrei bólaði á þeirri ritsmíði né heyrðist frá honum meira eftir að þau hjón hurfu af landi brott.

Næsta samsýning í galleríinu leiddi í ljós, að SÚM var ekki beinlínis hættulegt ríkjandi þjóðskipulagi. Það kom sending af fremur óframúrsteftulegum málverkum frá hollenzka menntamálaráðuneytinu. Þetta var kannski ekki alveg það, sem SÚM hafði vænt; en það var engu andliti tapað. Listamennirnir voru Ger Lataster, Lei Molin, Jaap Waagemaker og Anton Rooskens. Sá síðastnefndi var Cobramaður og kom hann vegna sýningarinnar til landsins.

### FALLIST Í FAÐMA — EN ÞAÐ STÓÐ STUTT

Þessa hollenzku sýningu gátu fimmarar ekki sniðgengið og mættu vel á opnun. Það fylgdi góðgildi stund og samkvæmi vestur í bæ, þar sem gömlu fimskarfarinn vildu ólmir ganga í SÚM, sem þótti á staðnum og stundinni auðsött mál og féllust menn hræðir í faðma, súmmarar og fimmarar. En svo fréttist nokkrum dögum seinna, að safnrád hefði reynt að kaupa málverk eftir



Frá SÚM III 1969: Standandi er „Leikvöllur“ eftir Kristján Guðmundsson og á veggnum er frá vinstri: „Rétt við ströndina“ eftir Kristján Guðmundsson, „Dieters proof“ eftir Richard Hamilton, „Literaturblech“ eftir Bazon Brock.


Rooskens á bakvið SÚM. Kólnaði þá vináttan og hrapaði niður í flokk einnarnæturgleði.

Með þessari sýningu, sem kölluð var „Hollenzk myndlist“, þótti sýnt fram á, að hægt væri að fá sýningar erlendis frá og var þar með viss einangrun rofin. Var Listasafni Íslands þarna gefið fordæmi; má benda á sýningu á verkum Emils Nolde.

Árið 1971 var SÚM IV. Fór sú sýning fram í Fodor-safninu í Amsterdam. Sigurður og Kristján voru þá búsettir í Amsterdam, þar sem Hreinn átti líka eftir að flendast. — Hinir ungu súmversku víkingar sigruðu að vísu ekki heiminn í þessari atrennu, en þeir gerði sér margan glaðan daginn saman. Notuðu til dæmis tækifærið til þess að halda fyrsta aðalfund SÚM í útlöndum; á þessum aðalfundi sem haldinn var í Zandvoort var ákveðið að miða næst á Norðurlöndin.

Árið 1972 er fullur kraftur í starfsemi með því að SÚM tekur þátt í listahátíð í Reykjavík. Þetta „aktífet“ svokallað, var að mestu skipulagt í Hollandi; þátt tóku listamenn frá mörgum löndum. Það voru tvær sýningar í gallerí SÚM og ein í Ásmundarsal. Dagsins ljós sá einn myndarlegasti katalógur SÚM — ekki ógallaður að vísu, en vitnisburður samt um að konseptlist var búin að nema land á Íslandi. Í Lindarbæ voru haldin happeningakvöld. Nokkrir súmmarar tóku þátt í útsýningu á Skólavörðuholtinu í sumarblöðunni sem þá var; Jón Gunnar setti þar upp regnskúlptúr auk þess sem hann sendi hugsanalfnur í gegnum hnöttinn, til New York, San Francisco og Sydney í Ástralíu. Þá fékk Kristján nafnlaust hótunarbref vegna verks í Ásmundarsal; ísl. ljóðabækur á mold á gólfi; einhverjum þótti sem verið væri að vega að rótum Íslenzkrar menningar.


Árið 1974 var samsýningin í Nikolai-kirkju í Kaupmannahöfn: H<sub>2</sub>O. Var þarna um að ræða síðasta stórverkefni á vegum SÚM. Norræni menningarmálasjóðurinn borgaði brúsann, sem í stað ómengaðs vatns, var fullur af málamiðlum; kannski var það einmitt þarna sem SÚM fór út af sporinu. Að vísu rættist draumurinn frá Zandvoort, um að komast til Norðurlanda. Um



Jón Gunnar Árnason með Cellophony-baukinn, 1971.

var að ræða e.k. farandsýningu um Norðurlönd, undir tema. SÚM hafði aldrei áður látið beizla sig. Út úr þessari „vatnsvirkjun“ kom frekar neikvæð orka. Meirihluti félagsmanna, Reykjavíkurdeildin, sinnti listsköpun einungis í stopulm frístundum frá félagsmála- og nefndarstórfum. Það ástand hafði skapast að eftirsóknarverðara þótti að vera á fundi heldur en í list.

Árið 1975 er eiginlegt dánarár SÚM. Þá segir hollenzka deildin sig formlega úr félagsskapnum; það var ágreiningur við „síðari daga súmmara“ um félags- og stéttarfélagsmál . . . En þetta skiptir nú ekki máli lengur. Það er eðlilegt að listamannagrúppur hverfi af sjónarsviðinu. — Reyndar voru sýningar í galleríinu allt fram á árið '78, þar inni á milli nokkrar, nægilega sterkar til þess að mega flokkast undir verðugan eftirmála við sögu SÚM. . . Sjá bls. 10



Gylfi Gíslason og Hringur Jóhannesson við málverkið „Freedom“ eftir Sigurð Guðmundsson, - það var fyrst sýnt á sýningu Sigurðar í Gallerí SÚM 1969.